



SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Svar við fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sósíalístaflokks Íslands um kostnað vegna afleiðinga niðurskurðar í skólakerfinu

Á fundi skóla- og frístundaráðs, 19. desember 2022, var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn fulltrúa Sósíalístaflokks Íslands:

Hefur kostnaður vegna afleiðinga niðurskurða í skólakerfinu (grunn- og leikskólum) verið reiknaður út til langs tíma lítið? Hefur það verið kannað hver möguleg áhrif verða á börn vegna niðurskurðar í rekstri grunn- og leikskóla og frístundaheimila? Ætla má að kostnaður vegna vanfjárfestingar muni bíta í bakið á þeim og okkur til lengri tíma lítið. Dæmi um slík áhrif er niðurskurður á viðhald skólabygginga, með þeim afleiðingum að kostnaðurinn hlóðst upp seinna meir með enn meiri útgjöldum. Ef við vanfjárfestum í æsku borgarinnar má ætla að afleiðingar þess og kostnaður muni hlaðast upp í framtíðinni. Hefur þetta verið athugað og hugsað til lengri tíma, hver áhrif niðurskurðar og vanfjárfestinga eru með tilliti til upphlaðins kostnaðar seinna meir?

Svar:

Skóla- og frístundasvið leggur áherslu á að sinna þjónustu við börn í leik- og grunnskólum og í frístundastarfi eins vel og mögulegt er, í samræmi við lög og reglugerðir, stefnur og áherslur sem um starfsemina gilda og innan þess fjárhagsramma sem um starfsemina er settur.

Sá kostnaður sem spurt er um í fyrirspurninni hefur ekki verið sérstaklega reiknaður.

Varðandi viðhald á skóla- og frístundahúsnæði er bent á að það er á hendi umhverfis- og skipulagssviðs.



Reykjavíkurborg

Virðingarfyllst,
Soffía Vagnsdóttir
Skóla- og frístundasvið - miðlæg skrifstofa
SFS Fagskrifstofa grunnskóla